

PCC Bakki Silicon hf.
Bakkavegur 2
640 Húsavík

Reykjavík, 17.3.2025
UOS2501604/S.M.
11.06.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 28. nóvember 2024, þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í PCC á Bakka þann 23. október 2024. Þann 19. febrúar 2025 barst fullnægjandi úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávíkin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingaúrgangi, raflögnum, tunnum og annarskonar blönduðum úrgangi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið tekið til á geymslusvæði á lóð fyrirtækisins og það nú vel skipulagt. Um 1500 tonn af uppsöfnuðum aukaafurðum hafa nú þegar verið seld og flutt af svæðinu. Jafnframt er unnið að bættri umgengni á lóðinni. Farið verður í annað átak á geymslusvæðinu vorið 2025.**
2. Gr. 3.15 í starfsleyfi. Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa um 500 tonn af framleiðsluúrgangi verið fjarlægð af svæðinu, 250 tonn af uppsöfnuðu efni og 250 tonn af nýju efni. Áætlað er að 1500 tonn af uppsöfnuðum framleiðsluúrgangi sé enn á svæðinu. Rekstraraðili setur fram eftirfarandi tímalínu til að draga úr magni úrgangs af lóðinni:**
 - 1. júní 2025: 1350 tonn
 - 31. desember 2025: 1200 tonn
 - 1. júní 2026: 1050 tonn
 - 31. desember 2026: 900 tonn
 - 1. júní 2027: 700 tonn

- **31. desember 2027: 500 tonn**
 - **1. júní 2028: 250 tonn**
 - **31. desember 2028: 0 tonn**
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvörur utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir hráefnissvæðið. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið fjárfest í viðbótarkurlara sem gerir það að verkum að þörf á varabirgðum hefur minnkað. Búið er að gangsetja þennan viðbótarkurlara. Rekstraraðili hefur einnig óskað eftir því að frávikið verður fellt niður. Stofnunin mun skoða aðstæður betur í eftirliti árið 2025 og tekur síðan ákvörðun um framhaldið.**
4. 2. mgr. gr. 2.4 í starfsleyfi. Við eftirlit stóðu vatn og drulla á geymsluplani við þökkunarhús og stórsekkir með kísilryki, sem þar voru í tímabundinni geymslu, stóðu sumir hverjir í vatninu. Umhverfisstofnun fer fram á að rekstraraðili gangi þannig frá planinu að framangreint ástand á planinu endurtaki sig ekki, s.s. með fullnægjandi malar- og drenlagi, bundnu yfirlagi eða á annan hátt sem stofnunin metur fullnægjandi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður settur niður púði/möl á þessu svæði svo að vatn eigi greiðari leið niður í jarðveg. Áætluð verklok er 1. október 2025.**

Umhverfis og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur